
Tinhella 8, móttaka og vinnsla brotamálms, Hafnarfjarðarbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 18. mars 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Brotajárn og málmum ehf. um fyrirhugaða móttöku og vinnslu brotamálms, að Tinhelli 8, Hafnarfjarðarbæ skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tinhella 8, móttaka og vinnsla brotamálms. Fyrirspurn um matsskyldu. EFLA verkfræðistofa, mars 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hafnarfjarðarbæ með tölvupósti dags. 24. maí 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með tölvupósti dags. 11. apríl og 31. maí 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 16. apríl 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 16. maí og 14. júní, og 8. júlí 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áform séu um að hefja starfsemi að Tinhelli 8 í Hafnarfirði sem felast í móttöku, flokkun og vinnslu brotamálms áður en hann er fluttur erlendis í endurvinnslu. Áætlað er að unnt verði að taka á móti allt að 20.000 t á ári af brotamálmi, aðallega frá niðurrifi bygginga og úreldingu tækjabúnaðar iðnfyrirtækja.

Framkvæmdasvæði og staðsetning mannvirkja

Fram kemur að svæði fyrirhugaðrar starfsemi sé rúmlega 8.000 m² að stærð og staðsett í skipulögðu iðnaðarhverfi skv. aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Svæðið verður afgirt með vírgirðingu og yfirborð vinnslusvæðis lokað með malbiki eða steypu. Innan svæðisins verður byggð um 300 m² (12x25 m) skemma og um 50 m² (6x8 m) skrifstofuhúsnæði. Runnar og/eða tré verða gróðursett við lóðarmörk til þess að draga úr ásýnd að svæðinu.

Framleiðsluferli og flutningar

Fram kemur að magn efnis til og frá svæðinu geti verið mjög breytilegt eða frá einum til 20 bílförnum á dag. Málmurinn er losaður í hauga sem geta náð 6 m á hæð eða geymdur í gámum á svæðinu. Gert er ráð fyrir að heildarmóttaka brotamálms verði innan við 10.000 t á ári þó að svæðið bjóði upp á allt að 20.000 tonn. Heildarmagn af brotamálmi í geymslu á svæðinu getur orðið um 4.000 t.



4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur að til að tryggja að brotamálmur sem tekið verði við sé án olíumengunar verði haft eftirlit og úttekt á upprunastað og sjónskoðun við móttöku. Ef olía skyldi leka af tækjum eða bifreiðum sem koma til móttöku eru vinnsluþlön með bundnu slitlagi og vatnshalla þannig að allt frárennsli af vinnsluþlönnum og af gölfum í skemmu rennur í niðurföll og áfram í sandföng og olúgildru. Eftir að brotamálmurinn kemur á svæðið verða aðskotahlutir hreinsaðir frá.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Hafnarfjarðarbær telja að greinargerð framkvæmdaraðila dragi ekki upp skýra eða raunsæja mynd af af fyrirhugaðri framkvæmd og benda á viðmið í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum sem kunna að eiga við fyrirhugaða starfsemi s.s. umfang hennar, úrgangsmýndunar, mengunar, ónæðis og slyshættu.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé ljóst hvaða aðskotahluti sé átt við og sé erfitt að sjá hvernig fyrirtækið getur tryggt að ekki berist spilliefni eða önnur mengandi efni inn á svæðið. Stofnunin bendir á að í greinargerðinni kemur ekki skýrt fram hvaða aðferðum verði beitt við rúmmálsminnkun brotamálsins og því umhverfisáhrif starfseminnar óljós. Umhverfisstofnun telur að þegar málbrot eru tætt með tættara og/eða klippum geti orðið umtalsverð loftmengun þar sem málmryk berst í andrúmsloftið og þar af leiðandi geta orðið umtalsverð umhverfisáhrif.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að lagt sé upp með að viðskiptavinir flokki og skili af sér hreinum brotamálmum. Ef framkvæmdaraðili sækir sjálfur efni verður viðskiptavinur beðinn um að fjarlægja það efni sem athugasemd er gerð við. Þá mun starfsmaður fyrirtækisins alltaf fara yfir farm eftir losun. Farið er í gegnum alla brotajárnsfarma við komu til að staðfesta flokk brotajárnsins.

Framkvæmdaraðili telur mesta hættu stafa af olíumengun. Til að minnka líkur á umhverfisslysum, verður til staðar olíuuppsogsefni og öll niðurföll tengd við olúgildru sem hægt er að loka ef mikið af olíuefnum fer niður. Framkvæmdaraðili telur að olíusmit frá mótteknu efni eins og bílflökum geti borist með brotajárni en það verði aldrei í miklu magni. Ef þarf, mun verða sett upp frekari hreinsun á frárennsli til að tryggja að það standist þau viðmið sem starfseminni fylgi.

Fram kemur að brotamálmurinn verður losaður í hauga eða geymdur í gámum á svæðinu og fari síðan í gegnum flokkun og rúmmálsminnkun með klippum ef með þarf auk þess sem aðskotahlutir eru fjarlægðir. Vinnslan fer fram með færanlegum búnaði. Hreinn málmur sem hefur verið flokkaður og rúmmálsminnkaður verður geymdur á afmörkuðum og aðgreindum svæðum áður en hann er sendur erlendis í endurvinnslu. Tilbúinn málmur er fluttur að hafnarsvæði þar sem honum er skipað um borð í flutningaskip.

Fram kemur að þau tæki sem notuð verða séu grafa með brotajárnsklippu, brotajárnspressa og efnismeðhöndlunarvél með s.k. krabba til að flokka efni, mata pressu og færa efni í hauga. Ekki er fyrirhugað að tæta þann málm sem vinnslunni berst

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að framkvæmdin muni hafa varanleg áhrif á jarðmyndanir og að áhrif framkvæmdarinnar verði því talsvert neikvæð og óafturkræf.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025. Skipulagsstofnun bendir á að breyta þarf deiliskipulagi fyrir svæðið Kapelluhraun, 1. áfangi frá árinu 2007, þar sem gera þarf grein fyrir starfsemi innan lóðar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að framkvæmdin er háð leyfi Hafnarfjarðarbæjar, einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um að hefja starfsemi að Tinhellu 8 í Hafnarfirði sem felast í móttöku, flokkun og vinnslu brotamálms áður en hann er fluttur erlendis í endurvinnslu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndunar, mengun og ónæðis sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikið magn af brotamálmi sem tekið verður á móti og til vinnslu, en fyrir liggur að ekki verður tekið við öllu því magni sem stöðin gæti afkastað miðað við áætluð full afköst. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi sé unnt að setja skilyrði um það magn til móttöku og vinnslu sem tekið verður á móti yfir tiltekið tímabil. Framkvæmdaraðili hefur kynnt mótvægisaðgerðir til að í koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð áhrif af starfseminni í greinargerð og í ítarlegum svörum við umsögnum. Fyrirhuguð áform um móttöku og vinnslu brotamálms að Tinhellu í Kapelluhrauni eru áþekk annarri starfsemi sem fyrir er á svæðinu sem er skilgreint sem B3 svæði í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025, sem telur þyngri iðnað sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og er háður lögum og reglum um mengunarvarnir.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af staðsetningu framkvæmdar s.s landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er sem fyrr segir í Kapelluhrauni. Hluti þess svæðis er háður kvöðum vegna nálægðar við álverið og því talinn skv. fyrrnefndu aðalskipulagi henta fyrir iðnað í flokki B3, sem er þyngri iðnaður og vörugeymslur. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa varanleg áhrif á hraun sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og er ljóst að að umtalsverðu svæði með hraunum hefur nú þegar verið raskað vegna iðnaðarsvæðis í nágrenni við fyrirhugaða lóð og gerð hennar mun auka lítillaga við það rask.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkum á áhrifum, fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum og afturkræfni þeirra sbr. tölulið 3 í 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Undirbúningur og gerð lóðar mun óhjákvæmilega valda nokkru raski á hrauni sem er óafturkræft. Hvað varðar starfsemina sjálfa þá á að vera unnt að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif hennar að því gefnu að verktilhögun og mótvægisaðgerðir verði með þeim hætti sem framkvæmdaraðili lýsir í greinargerð og kemur fram í viðbrögðum hans við umsögnum. Mikilvægt er að verktilhögun framkvæmdaraðila og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis taki mið af því að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif sem rekstur á svæðinu getur valdið.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. ágúst 2019.

Reykjavík, 8. júlí 2019,

Jakob Gunnarsson